

## John Stuart Mill. Spekin með eigin orðum

John Stuart Mill (1806-1873) var einn fárra nafntogaðra heimspekinga, sem tók þátt í stjórnámálum af lífi og sál. Hann lét sig frelsi, hagsæld og velferð almennings - og kvenna sérstaklega – miklu skipta. Rit hans bera vitni um þetta. Hæst ber trúlega verkin um kúgun kvenna og frelsi. Á síðustu áratugum er hann óspart lofsunginn af kvenréttindafrömuðum.

„Kúgun kvenna [eftir John Stuart Mill 1869] er fyrsta bókin eftir þekktan hugsuð þar sem færð eru rök fyrir jafnrétti kynjanna – og þar er þetta gert af öllum þeim sannfæringarkrafti sem Mill hafði til að bera. Af þessari ástæðu er hún, eins og vænta má, enn í miklum metum hjá femínistum hvarvetna.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning, 2002, s. 185.)

„Með réttu er John Stuart Mill kallaður kvenréttindamaður og má jafnvel skipa honum á bekk með öndvegis feministum.“ (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson). Forspjall Auðar Styrkárstöttur. Hib. 1997, s. 30.)

Íslenski heimspekingurinn, Þorsteinn Gylfason, fræðir: „Í einu höfuðriti Fridrichs Nietzsche, Handan góðs og ills, segir að John Stuart Mill sé fífl. Að vísu var það einkum eldlegur áhugi Mills á jafnrétti karla og kvenna sem Nietzsche hafði til marks um fíflsku hans, sú blindi hans að koma ekki auga á þýlyndi konunnar og sjást yfir það hyldýpi haturs og fyrirlitningar sem hlyti og ætti að marka samskipti kynjanna. [...] svo dýrleg væri hjarðhvöt þeirra að í stað ágirndar, haturs og öfundar tryðu þeir á „velferð almennings,“ en þá hugsjón, ef hugsjón skyldi kalla, telur Nietzsche botnleysu og líkir henni við uppsöluluf.“ ((John Stuart Mill. Frelsið. Forspjall Þorsteins Gylfasonar. Rvk. 1970, s. 9)

*Um frelsi, sjálfræði, sjálfstæði(liberty, freedom, autonomy, independence):* „Næst hinum fyrstu nauðsynjum, fæði og klæði, er frelsið fyrsta og sterkasta krafa manneðlisins. (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997, s 261.) Vangaveltur Mills um frumþarfirnar skjóta síðar upp koll í sálfræðilegum kenningum, m.a. í hugtaki norður ameríska sálfræðingsins, Abraham Maslows, um þarfapíramíðann.

„Sú „þjóð“, sem fer með valdið, er ekki ætíð sama þjóðin og fyrir því verður. Og „sjálfræðið,“ sem um er talað, er ekki í því fólgið, að hve einstaklingur sé sjálfráður, heldur að hver og einn lúti öllum hinum. Ennfremur merkir „þjóðarvilji“, þegar til kastanna kemur, einungis vilja fjölmennasta eða ötulasta hluta þjóðarinnar. Þjóðarvilji er vilji meirihlutans eða þeirra manna, sem tekizt hefur að verða viðurkenndur meirihluti.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 37.)

Vettvangur mannlegs frelsis “tekur í fyrsta lagi til hins innra valdsviðs samvizkunnar og krefst samvizkufrelsis í víðasta skilningi, frelsis til að hugsa og finna til, óskoraðs skoðanafrelsis í hverju einasta efni, hagnýtu eða heimspekilegu, vísindalegu, siðferðilegu eða guðfræðilegu. ...

Í öðru lagi krefst frumreglan frelsis um vild og viðleitni, frelsi handa hverjum manni til að lifa lífinu í samræmi við skapgerð sína, til að breyta eftir vild og taka afleiðingum af því hindrunarlaust af annarra hálfu, svo fremi hann valdi þeim ekki tjóni. Engu skiptir, þótt öðrum kunni að virðast framferði okkar heimskulegt, spillt eða rangt. ...

Í þriðja lagi og með sama fyrirvara rétt manna til að bindast félagsskap, frelsi til að sameinast um eitthvert markmið, sem er öðrum mönnum meinlaust. Gert er ráð fyrir, að um fulltíða fólk

sé að ræða og hvorki beitt þvingunum né svikum.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 49.)

*Um þjóð, ríkisvald, embættisvald (nation, state, beaucocracy):* „Þjóðfélagið reynir án viðlagðra refsinga að þröngva hugmyndum sínum og háttum að þeim, sem eru ekki sama sinnis. Það reynir að hefta þroska þeirra einstaklinga, sem semja sig ekki að háttum þess. Það reynir eftir megni að hindra, að slíkir einstaklingar komi fram. Það steypir alla í sama mót.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 38.)

„Embættismennirnir eru sameinaðir í einu kerfi, sem hlýtur að fylgja föstum reglum að miklu leyti eins og öll kerfi. Af þessum sökum hættir embættismönnum ávallt við að verða svefngöngur vanans.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 198.)

*Ábyrgð (responsibility):* Um ábyrgð segir Mill: „Fyrri setningin er þessi: einstaklingur ber enga ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum, sem varða einungis hann sjálfan.“ „Síðari setningin er þessi: einstaklingur ber ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum, sem skaða hagsmuni annarra. Fyrir slíkar athafnir má hegna honum að almenningsáliti eða lögum, ef samfélagið telur slíkar hegningar nauðsynlegar sér til verndar.“ – „[S]amfélagið viðurkennir ekki, að vonsviknir keppinautar manns eigi lagalegt eða siðferðilegt tilkall til, að þeim sé hlíft við vonbrigðum sínum.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 168-169.)

Það er „engin harðstjórn að þvinga letingja og aðra ónytjunga, sem er sjálfrátt um ónytjungsháttinn, til að rækja lagalegur skyldur sínar við aðra, til dæmis að ala önn fyrir börnum sínum. Slíka menn má jafnvel setja í nauðungarvinnu, ef einskis annars er kostur.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 174.)

*Um siðferði (ethics, moral philosophy):* „Ég tel nytsemina grundvöll alls siðferðis, hinn endalega mælikvarða góðs og ills. En þar á ég við nytsemi í víðustu merkingu, grundvallaða á varanlegum hagsmunum mannsins á þroskabraut hans.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 44-45.)

„En hin sanna dyggð mannanna er hæfileikinn til þess að geta lifað saman sem jafningjar þannig að hver einstakur krefjist eigi annars fyrir sjálfan sig en þess sem hann veitir öðrum af frjálsum vilja.“ (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997, s. 156.)

*Um fjölskylduna (family):* „[H]vað börnin varðar er ríkinu varnað að rækja skyldur sínar vegna rangra hugmynda manna um frelsi. Ætla mætti, að börn manns væru hluti af honum í eiginlegum skilningi, en ekki óeiginlegum [...].“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 185.)

„[Þ]að er siðferðisglæpur að fæða barn í heiminn, án þess að foreldrarnir hafi góða von um, að þeir geti ekki einungis fullnægt líkamlegum þörfum barnsins, heldur einnig veitt því uppfræðslu og andlega þjálfun. Þetta er glæpur gagnvart samfélaginu ekki síður en gagnvart hinu gæfulausa afkvæmi foreldranna. Ef foreldrarnir rækja ekki þessa skyldu, ber ríkinu að rækja hana – á kostnað foreldranna, eftir því sem unnt er.“ ((John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 185-186.)

*Þekking (knowledge, epistemology):* Mill að hylltist svonefnda raunspeki, þ.e. sú sannfæring, að mannleg reynsla sé uppspretta þekkingarinnar.

*Um menntun (education):* „Wilhelm von Humboldt [...] sem bar af öðrum mönnum í stjórnámálum sem vísindum, komst svo að orði: „Tilgangur mannlífsins ákvarðast af eilífum og (s. 113) óhagganlegum rökum skynseminnar, en ekki óljósum duttlungum, og hann er, að hver maður öðlist sem mestan og fyllstan þroska hæfileika sinna.“ Þess vegna hljóti „hver maður að keppa án afláts að því, að sérstakir hæfileikar hans fái að njóta sín og þroskast með sérstökum hætti. ... Í þessu skyni er tvennt nauðsynlegt: „frelsi og fjölbreytni.“ Og af þessu tvennu spretta „framtak og fjölbæfni,“ sem verða að einu í „frumleika.“ (John Stuart Mill. *Frelsið*, Rvk. 1970, s. 113-114.)

„Heimilislífið mun ávallt vera sá skóli þar sem börnin læra hlýðni og foreldrarnir læra að drottna. En mest er undir því komið að það verði sá skóli þar sem læra má samræmi í tilfinningum meðal jafningja í sambúð og í ást, þar sem völdin eru eigi öll annars vegar og hlýðnin öll hins vegar. Þá mundi mega læra þar allar þær dyggðir sem menn gætu óskað að hafa til að bera í öðrum samböndum.“ S. 157 (John Stuart Mill. *Kúgun kvenna* (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Um sálargáfu (ability, abilities):* „Tilfinninganæmi, sem gerir viðbrögð manns snör og fjörleg, er einnig uppspretta hins mesta siðferðisþreks og hinnar ströngustu sjálfstjórnar. Með því að rækta þessa sálargáfu rækir samfélagið í senn skyldu sína og hagsmuni.“ ((John Stuart Mill. *Frelsið*, Rvk. 1970, s. 118.)

„Ávallt er þörf fyrir fólk, sem ekki aðeins uppgötvar ný sannindi og áttar sig á, hvenær gömul sannindi falla úr gildi, heldur innleiðir nýja siði [...]. Sé litið á gervallt mannkyn, eru þeir menn einungis örfáir, sem með fordæmi sínu gætu valdið breytingum til batnaðar á ríkjandi siðum. En þessir fáu menn eru salt jarðar. Án þeirra yrði mannlífið fúapyttur [...]. Það er satt og rétt, að einungis örsmár minnihluti er gæddur snilligáfu, og svo mun að líkindum ætíð verða. En til að slíkt fólk komi fram, hljótum við að hlúa að þeim jarðvegi, sem það er sprottið úr. Snillingur dregur ekki andann nema í frjálsu andrúmslofti.“ (John Stuart Mill. *Frelsið*, Rvk. 1970, s. 124-125.)

*Um sjálfsvirðingu (self respect):* „Hin sanna undirstaða hins andlega lífs á vorum tímum hlýtur að vera réttlæti og hyggindi, virðing hvers og eins til að sjá fyrir sjálfum sér.“ (John Stuart Mill. *Kúgun kvenna* (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997, s. 241.)

*Um valdbeitingu, ofbeldi, nauðung, kúgun (violence, coercion, suppression, subjugation):* „Satt að segja er engin frumregla viðurkennd, sem sker úr um, hvenær ríkisvaldið hefur rétt til íhlutunar og hvenær ekki.“ - „[Þ]ví aðeins er öllu mannkyni, einum manni eða fleirum, heimilt að skerða athafnafrelsi einstaklingsins, að um sjálfsvörn sé að ræða. ... Heill og hamingja einstaklingsins sjálfs til líkama og sálar er ekki næg ástæða til frelsisskerðingar.“

„Nauðung réttlætist af því einu, að verknauður sá, sem komið er í veg fyrir, sé öðrum til tjóns. Maður ber einungis ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum, sem aðra varða. Hann hefur óskorað frelsi til allra gerða, sem varða hann sjálfan einan. Hver maður hefur fullt vald yfir sjálfum sér, líkama sínum og sál.“ – „Ef til vill er ástæðulaust að taka fram, að þessi regla á aðeins við um fólk, sem náð hefur fullum andlegum þroska.“ (John Stuart Mill. *Frelsið*, Rvk. 1970, s. 44-45.)

*Um kúgun kvenna (subjugation of women, oppression of women).* Stéttaviðhorf:

„Í hinum lægri stéttum, sem eru á lægsta siðferðisstigi, fyrirlítur maðurinn konu sína að nokkru leyti sökum hinnar löglegu ánaugar hennar og sökum þess að hún er honum líkamlega háð og sem viljalaust verkfæri í höndum hans.“ 160

*Sammerki kynjanna:* „Hin eðlilega löngun til að vera virtur af samvistarmönnum sínum er eins sterk hjá konum og hjá karlmönnum;...“ 222-223

„Konur kvarta eigi yfir almennum kjörum kvenna, eða réttara sagt, þær kvarta yfir þeim; því að raunakvæði eru almenn í ritum kvenna og voru enn algengari meðan enginn grunur lék á því að þessar harmatölur miðuðu að verulegri breytingu. Umkvartanir þeirra líkjast umkvörtunum karlanna yfir mannlífínu í heild sinni.“ 226(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„...muni koma í ljós að eigi sé nein náttúruleg tilhneiging sem sé sameiginleg konum og greini anda þeirra frá anda karlanna...“ 213

*Valdajafnvægi kynjanna:* „Í raun og veru sjáum vér aldrei í nokkru sambandi að allt valdið sé öðru megin, nema þar sem sambandið hefur fullkomlega misheppnast og þar sem best mundi vera fyrir báða málsparta að losast við byrði sína.“ 149(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Vald og drottun karla:* „Og þar sem mönnum einu sinni hafa boðist þessi kostakjör til þess að ná völdum yfir konum og hafa áhrif á þær, hafa þeir af nokkurs konar ósjálfráðri eigingirnishvöt notað tækifærið, sem þeim þótti einkar hentugt, til þess að halda þeim í kúgun með því að leiða þeim fyrir sjónir að það sem menn gengjast mest fyrir hjá konum væri veikleiki þeirra, sjálfsafneitun og það að þær legðu sinn eigin vilja í mannsins hendur.“ 98

„[F]rá bernsku mannkynsins hefur konan talið sig ofurselda sem ambátt mannum sem þótti vænt um að eiga yfir henni að segja og honum gat hún eigi veitt mótþróa sökum þess að hún var kraftaminni.“ (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997, s. 76-77.)

„...hlýtur það (okið) að vera rótgrónara en alls konar önnur yfirráð sem hafa haldist allt fram á vora tíma. Hér er það eigi neinn einstakur flokkur sem hefur forréttindi til þess að fullnægja drambi sínu með því að hafa völd á hendi og svala eigingirni sinni með því að neyta þeirra heldur hafa allir karlmenn þessi forréttindi.“ 87(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Völd og áhrif konunnar:* „Nú sem stendur eru hin siðlegu áhrif kvenna eigi síður veruleg en þau sjást eigi framar eins glögglega.“ 242

„...konur hafa ætíð haft mikil áhrif á ásigkomulag opinberrar skoðunar eða hafa að minnsta kosti haft það frá fyrstu sagnatímum. (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997, s. 238.)

„Ef maðurinn neytir alls valds síns kúgar hann konuna fullkomlega en ef farið er vorkunnlátlega með hana og hún fær heimild til þess að ná í völd, þá er engin regla sem setur ráðríki hennar takmörk.“ 153 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

Ég veit að þótt konan geti eigi veitt móttöðu getur hún þó galdið líku líkt. Hún hefur sín megin vald til þess að gera mann sinn mjög ófarsælan í lífinu og hún getur neytt þessa valds til þess að koma fram vilja sínum í mörgum atriðum þar sem hann ætti að vera ráðandi en auk þess oft þar sem hann ætti eigi að vera það.

En þessi persónulegu vopn, sem kalla mætti mátt rifrildisins, húskrossvaldboð mislyndisins, eru hrapalegum annmörkum bundin.....

Þessum vopnum beita uppstökkar og einþykkar konur. Mundu þær neyta verst valdsins ef það væri þeirra megin og sem neyta illa þess valds sem þær hrifsa undir sig. Blíðlyndar konur grípa eigi til slíkra vopna, sómakærar konur fyrirlíta þau. Því næst er það að með þessum vopnum verður bestum höggstað náð á þeim mönnum sem eru viðkvæmastir og lingerðastir, þeim (142) mönnum sem aldrei fást til að láta neitt til sín taka .....

Vald það sem konan hefur til þess að vera óþolandi veldur venjulegast mótharðstjórn frá hennar hlið og ræðst einkum á þá menn sem hneigjast síst til harðstjórnar.“ 143(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Séu þessir menn eigi allt of einþykkir geta konurnar haft afarmikil, já óskynsamlega mikil áhrif á dagfar þeirra og það þótt þeir séu yfirmenn þeirra. Yfirmennirnir láta leiðast fyrir bænastað þeirra og án þess þeir viti af verða tilfinningar og tilhneigingar kvennanna að tilfinningum og tilhneigingum þeirra sjálfra.....144

„Með öllu þessu nær konan geysimiklu valdi yfir manningnum og hefur áhrif á framferði hans, jafnvel þar sem þessi áhrif eru eigi góð þar sem þau eru eigi aðeins óhyggileg heldur verða jafnvel til þess að greiða götu einhverju sem er siðferðilega illt. Þar mundi maðurinn breyta betur ef hann færi eftir eigin hvötum.

En hvorki í heimilislífinu né í ríkinu er unnt að bæta upp frelsismissi með valdi.“ 144

„Þannig getur hún notið þeirrar gleði að hafa áhrif á hann og glepja fyrir honum þegar hann fæst við málefni sem hún aldrei hefur aflað þekkingar á eða þar sem hún lætur algerlega stjórnast af hleypidómum eða af einhverjum persónulegum hvötum. Meðan þannig er ástatt hafa því þeir sem fúsastir hafa verið til þess að hlýða ráðum eiginkvenna sinna oftsinnis breytt verr vegna þess, einkum þegar svo hefur borið undir að áhrif konunnar hafa orðið ráðandi í þeim málum sem eigi hafa snert fjölskylduna.

„Konum er kennt að bæla niður sjálfstílfínninguna ...en kjarninn verður eftir, tilfinningin fær aðeins aðra ytri mynd. Starfsöm og þrekmikil sál mun, sé henni synjað um frelsi, reyna að ná í völd. Sé hún svipt ráðum yfir sjálfri sér mun hún halda fram sérkennileik sínum með því að reyna að ráða yfir öðrum.“ 265(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Staða karla:* „Eiginkonan er bandamaður hinnar algengu almenningsskoðunar. Maður sem kvongaður er konu er stendur honum að baki að hyggindum hefur, þar sem hún er, drjúgan hælhalðara, meira að segja það sem verra er, þarf á mótspyrnu að sigrast hvenær sem hann finnur hjá sér hvöt til að gera betur en almenningsskoðunin heimtar. Það er naumast unnt fyrir mann sem er þannig fjötraður að ná neinum mikilleik í skapgerð eður athöfn... þá á hann hinum bágustu tálmunum að mæta í hjónabandinu, það er að segja ef hann er eigi einmitt svo lánsamur að eiga konu sem er jafnhátt (248) hafin yfir almennan miðlungsflöt og

miðlungsþauf eins og hann.“ 249 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Sérhvert félag sem eigi veitir þroska veldur hnignun og því meiri því þrengra og nátengdara sem það er. Jafnvel verulega hágáfuðum manni fer næstum ávallt að hnigna þegar hann er sífellt fyrstur í sínum hóp og þannig er þeim manni ávallt farið sem á konu er undir honum stendur. Meðan ánægja hans með sjálfan sig annars vegar fer stöðugt vaxandi, þá fer hann hins vegar, án þess hann viti sjálfur af, að hafa þær tilfinningar og líta á hlutina með þeim hætti sem eiginlegt er lítilsgildari og takmarkaðri sál en hans eigin.

Þetta mein.....fer í vöxt, æ meir og meir. Dagleg samvist milli karlmann og eiginkvenna þeirra er miklu nánari nú á tímum en hún hefur nokkru sinni áður verið. Líf karlmanna er nú heimalíf.“ 258 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„...ég verði að viðurkenna að áhugaleysi í önnum lífsins og það, að helga alla krafta marki sem eigi hefur neinn sérstakan hagnað fyrir heimilið í för með (243) sér, eigi sjaldan hjálp eður hvatningu að fagna hjá konum.“ 244

„...afleiðingin er reyndar sú að áhrif konunnar eru allt annað en happasæl fyrir almennar dyggðir.“ 244

„Sambúð, sem engan þroska né upphvatning veitir, kemur í stað þess sem hann annars hefði verið neyddur til að leita; samvistar við jafningja sína í hæfileikum og félags sína í eftirleitun hins æðra. Vér sjáum því, sem og almennt er viðurkennt, að ungir menn sem virst hafa mjög vænlegir hættu að taka framförum undir eins og þeir voru kvæntir þegar þeir tóki eigi framförum hlaut þeim að sjálfssögðu að hnigna. Ef konan knýr eigi mann sinn áfram, þá hamlar hún ávallt viðleitni hans.“ 259 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Karldjöflar:* „Djöflar eru eins fágætir í mannkyninu og englar, ef til vill fágætari, en það er alltítt að finna menn sem líkjast villidýrum og eru þó með köflum sem mennskir menn. Og þegar svo dýræðið hleypur í þá og þeir eru eigi mönnum líkir á hversu mörgum stigum og í hversu mörgum myndum leynist eigi óhemjuskapur og eigingirni undir gljáskán menntunar og menningar.“ 139 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Hversu grimmur harðstjóri sem maður hennar er og hversu ógæfusöm sem hún er, jafnvel þótt hún viti að hann hati sig, þótt hann hafi daglega ánægju af að særa hana og kvelja, jafnvel þótt henni sé ómögulegt annað en að hafa andstyggð á honum, þá getur hann heimtað af henni og þvingað hana til að gera sér sjálfri hina mestu vanvirðu sem nokkurri mannlegri veru er unnt að gera sér, nefnilega að inna af hendi dýrslegt ætlunarverk móti vilja sínum.“ 130

*Karlar sem verndarar:* „Annað atriði þar sem áhrif af skoðun kvenna hafa verið ljós er að þær hafa verið hin öflugast hvöt fyrir þá eiginleika hjá karlmönnum, sem konurnar sjálfar samkvæmt uppeldi sínu hafa eigi til að bera, og þeim því var nauðsynlegt að finna hjá verndurum sínum. Hugprýði og hermannlegar dyggðir yfir höfuð hafa á öllum tímum stórum verið að þakka löngun þeirri sem karlmenn hafa til þess að vera dáðir af konum og þessi frameggjun nær langtum lengra en til þess flokks af frábærum eiginleikum þar sem fremsta skilyrði til þess að njóta aðdáunar og hylli kvenna hefur ávallt verið það að njóta mikillar virðingar meðal karlmanna.

Af sameiningu þessara tvenns konar siðlegu áhrifa sem konur þannig höfðu á karlmenn spratt upp riddarastefnan og var aðaleinkenni hennar að sameina æðstu fyrirmynd hermanna eiginleika hinum fjarskyldustu dyggðum, kurteis, veglyndi og sjálfsafneitun gagnvart öllum óherskám og varnalausum flokkum, loks sérstök undirgefni og lotning fyrir konum því að þær voru öðrum varnalausum flokkum ólíkar að því leyti að þær höfðu vald til af frjálsum vilja að (239) umbuna þeim mönnum mikillega sem lögðu sig fram um að ná hylli þeirra í stað þess að þvinga þær til undirgefni með ofbeldi.“ 240 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Föðurást:* Því fer svo fjarri að ást föðursins til barnanna veiki þetta band að hún hjálpar til þess að treysta það.....að því að menn almennt láta eigi konurnar þola alla þá eynd er þeir gætu látið þær þola.....“ 134 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Í æðri stéttum á Englandi er konum veitt lík hlunnindi með sérstökum samningum er sveigja löggin og þar konum er leyft að ráða sjálfar yfir vissri fjárupphæð er kallast „nálapeningar.“ Þar sem föður tilfinningarnar hjá karlmönnum eru almennt máttugri en tilfinningin fyrir eigin kyni, þá tekur faðirinn almennt dótturina fram yfir tengdason sinn ...“ 128 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Uppeldi drengja:* Hugleiðið hverja þýðingu það hefur fyrir dreng að alast til fullorðins aldurs upp í þeirri trú að þótt hann sjálfur vinni eigi neitt til þess, þótt hans sjálfur fái engu afrekað, meira að segja þótt hann sé hið vesalasta og atkvæðaminna eða hið heimskasta og fáfróðasta eintak af manni, þá er hann þó samkvæmt fæðingunni einni yfir helming mannkynsins gefinn undantekningarlaust þótt þar á meðal séu ef til vill ýmsir er hann hvern dag og hverja stund finnur að hafa í raun réttu yfirburði yfir hann.

Jafnvel þótt hann í öllu framferði sínu láti sífellt stjórna sér af konur þá hugsar hann þó, sé hann auli, að hún sé eigi og geti eigi verið honum jöfn að gáfum og dæmigreind. Og sé hann eigi auli gerir hann það sem verra er, hann sér að hún hefur yfirburði yfir hann en hyggur að þrátt fyrir yfirburði hennar þá hafi hann þó heimild til þess að skipa og hún sé skyldug til þess að hlýða.“ 231 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Uppeldi stúlkna:* „Það er heimtuð eins mikil hlýðni af drengjum við móðurina eins og við föðurinn; þeim leyfist eigi að sýna systur sínum ójöfnuð, eigi venjast þeir heldur við að sjá þær settar hjá heldur öllu fremur hið gagnstæða, það er reynt að glæða hjá þeim riddaralegar tilfinningar þar sem látið er bera minna á þeim ánauðarhlutföllum sem gera þessar tilfinningar nauðsynlegar.“ 231 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Hjónabandið og fjölskyldan:* „Hjónabandið er hin eina verulega ánauð er lög vor viðurkenna. Eftir lögunum er eigi framar neinn þræll til nema húsfreyjan á hverju heimili.“ 229 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„[H]vað börnin varðar er ríkinu varnað að rækja skyldur sínar vegna rangra hugmynda manna um frelsi. Ætla mætti, að börn manns væru hluti af honum í eiginlegum skilningi, en ekki óeiginlegum [...].“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 185.)

„[Þ]að er siðferðisglæpur að fæða barn í heiminn, án þess að foreldrarnir hafi góða von um, að þeir geti ekki einungis fullnægt líkamlegum þörfum barnsins, heldur einnig veitt því

uppfærðslu og andlega þjálfun. Þetta er glæpur gagnvart samfélaginu ekki síður en gagnvart hinu gæfulausa afkvæmi foreldranna. Ef foreldrarnir rækja ekki þessa skyldu, ber ríkinu að rækja hana – á kostnað foreldranna, eftir því sem unnt er.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 185-186.)

„Þegar fjölskyldan lifir eigi á eignum sínum heldur á því sem hún aflar sér með vinnu sinni, þá virðist mér besta fari á (163) því að vinnunni sé þannig skipt milli beggja hjónanna að mannum sé, eins og títt er, falið á hendur að afla tekjanna en konunni að annast búsjáluna.“ 164 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Enginn annar tekst á hendur umhyggju þá sem hún sjálf er eigi fær um að sýna börnum sínum og heimili.“ S. 164

„Ég er boðinn og búinn til þess að kannast við ....að hjá mörgum hjónum, meira að segja að líkindum hjá meirihluta hjóna af hærri stigum, ríki andi réttláts jafnaðarlögmáls þótt lögin séu eins og þau eru nú.“ 158

„Mörg hjón hugsa eigi einu sinni á ári um hin löglegu skilyrði fyrir bandi því er sameinar þau. Þau lifa þannig að þeim finnst að þau séu jafningjar gagnvart lögunum hvernig sem á málið sé litið.“ S. 159 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Hvað er það þá sem í raun réttir dregur úr hinum skaðvænlegu áhrifum valdsins og gerir það að verkum að það getur samrýmt svo miklu góðu er vér sjáum alsstaðar í kringum oss.“

„.....persónuleg vinátta. Hún skapast með tímanum þegar náttúrufrófar mannsins getur fundið til hennar og lunderni konunnar er nógu skylt lunderni mannsins til þess að vekja hana. Því næst sameiginleg umhyggja beggja fyrir börnum sínum og sameiginlegur áhugi á öðrum málum; sömuleiðis það að hin daglegu þægindi og skemmtun í heimilislífinu er svo mikið komið undir konunni að maðurinn þess vegna fær miklar mætur á henni vegna sjálfs sín; frá þessari tilfinningu sprettur hjá hverjum (143) veglyndum manni vinátta sú sem hann ber til hennar vegna hennar sjálfrar. 144 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Því fer betur að tilfinningar og hagnaður margra manna býður þeim að bæla niður hvatir þær og tilhneigingar sem leiða til harðstjórnar, að minnsta kosti oftast að draga úr þeim, og af öllum þessum tilfinningum er band það sem tengir saman mann og konu hið öflugasta og má ekkert við það jafnast. 134

*Konan sem móðir:* „Áhrif mæðra á skapgerð barna þeirra og löngun ungra manna til að vinna hylli ungra kvenna hafa á öllum tímum verkað mjög á hana og valdið nokkrum af hinum merkustu framförum menningarinnar.“ 238 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Eðli kvenna:* „Það sem nú á tímum er kallað náttúrufrófar kvenna er í mesta máta afleiðing af meðferð þeirri er þær hafa sætt. Það er orðið til við þvingun í vissar stefnur og óeðlilega æsingu í aðrar stefnur.“ 110

*Uppeldi kvenna:* „.....hefur ávallt verið farið með þær eins og jurtir í jurtahúsi þegar riðið hefur á að auka og efla einhverja hæfileika þeirra, karlmönnum til hagsauka og ánægju.“ 110 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Yfirmenn annarra þræla ætlast til að þrælarnir hlýði þeim af ótta, annaðhvort af ótta fyrir þeim sjálfum eða af trúarótta. Yfirmenn kvenna vildu þegar í upphafi hafa meira en hlýðnina eina; þess vegna gerðust þeir einráðir um uppeldi kvenna og notuðu þetta til þess að ná marki sínu. Þær eru frá barnæsku aldar upp í þeirri trú að það fullkonnunartakmark sem þær eiga að keppa að sé allt annað en takmark karlmanna. Þær eru þegar vandar af því að hafa nokkurn vilja og að gera sjálfum sér reikningsskil fyrir gerðum sínum en eru vandar á að gefa sig undir vald annarra og gera þeim grein fyrir öllu. Hin almenna siðferðiskenning telur konunni trú um að það sé skylda hennar að lifa mannum og hin almenna uppgerða tilfinningasemi fyrir kvenfólkinu bætir því við að konan sé sköpuð til þess. Hún á að afneita sjálfri sér algerlega og lifa aðeins í ástinni til þeirra fáu sem henni er leyft að unna, ástinni til mannsins sem hún á að búa saman við alla ævi og ástinni til barnanna sem tengir hana og manninn nýju og órjúfandi bandi.“ 97 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Kvenleg fegurð:* „Af ófrelsinu kemur einnig fýsn kvenna til þess að vera fríðar, halda sér til og láta bera á sér; og af þessu spretta öll þau mein sem vér sjáum breiðast út í mynd skaðlegs óhófs og manngerðarósiðsemi. 266

*Metnaður og hæfileikar kvenna:* „...hafa konur sjaldan fýsn til þess að geta sér orðróm. Veggirni þeirra er almennt einskorðuð innan þrengri takmarka. Áhrif þau er þær æskja eftir eru áhrifin á nánustu samvistarmenn þeirra. Löngun þeirra er í því fólgin að verða vinsælar, elskaðar og dáðar af þeim sem þær líta daglega....“ 221-222 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Samt komast konur í þessari grein (fögurum listum) fremur en í mörgum öðrum greinum skammt í samanburði við hin mestu fullkonnunarstig er karlmenn hafa náð.“ 214

„...þær séu almennt best lagaðar fyrir allt hagnýtt.....hið einstaka gáfnalag sem einkennir greindar konur. Hjá öllum þeim eru gáfurnar þannig að þær gera konurnar lagaðar fyrir hið hagnýta og koma þeim til að keppa að því.....Vér eigum við fljótan og réttan skilning á máli sem liggur fyrir.“ 183

„Því það sem kallast hvass skilningur hjá þeim gerir þær einkum færar um að safna saman þeim almennu sannindum er þeim gefst sjálfum kostur á að athuga.....sér konan almennt betur en maðurinn hvað beinlínis liggur fyrir.“ 184 – 185

„Þessi tilhneiging sem konur hafa til að fást við hið verulega og það sem er fyrir höndum, leiðir þær oft í gönur ef hún ræður eingöngu en er jafnframt hin gagnlegasta vörn gegn gagnstæðri villu.“ 186

„Naumast getur nokkuð verið þýðingarmeira fyrir mann sem hefur hugmyndaríki og skoðandi gáfur og neytir eigi krafta sinna til þess að safna ávöxtum lífsreynslu sinnar heldur til þess að sameina þá í huganum og skýra þá með yfirgripsmiklum, vísindalegum sannindum eða almennum, siðferðislegum lögum en að hugleiða slíkt í viðurvist andríkrar konu, þannig að hún geti dæmt um. Þetta er hinn allra besti vegur til þess að halda hugsununum innan takmarka hins verulega og náttúrulega. Konum hættir sjaldan til að greina andlega undirstöðu hlutanna frá hlutunum sjálfum.“ 186 -187(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„...hvers vegna konur standa karlmönnum að baki, jafnvel í þeim störfum sem standa opin bæði körlum og konum.“ 217(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Í öllu falli er þegar til framkvæmda kemur í öllum málum, frá hinu minnsta til hins mesta, miklu þýðingarmeira að geta hlaupið fljótt úr einu efni í annað án þess að hugurinn missi kraft sinn við þessi mörgu stökk, en hið gagnstæða, og þetta geta konur í fyllsta mæli einmitt vegna hviklyndis þess sem þeim er álasað fyrir. Þær hafa það ef til vill að náttúrufari en þær hafa það vissulega líka fyrir uppeldi og vana.... 196 – 197(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Eitt er það sem vér þurfum eigi að bera neina áhyggju fyrir. Þau verk sem eru gagnstæð náttúrufari kvenna munu þær aldrei fást til að vinna þótt þeim sé gefinn laus taumurinn.“ 121

„Það er öldungis óþarft að banna konum það sem náttúrufar þeirra leyfir þeim eigi að gera.“ 121

„...enginn heimtar nein forréttindi eða verndunarlög fyrir þær. Allt það sem heimtað er, er það að þau forréttindi og verndunarlög sem karlmenn njóta góðs af verði afnumin. Ef konur hafa af náttúrunni meiri hvöt til að vinna eitt fremur en annað, þá er eigi þörf á lögum eða neinum öðrum böndum til þessa að neyða þórrann til að vinna það sem þær eru gefnastar fyrir. Konur munu sækjast eftir þeirri vinnu sem þær samkvæmt frjálsri samkeppni finna hvöt til þess að takast á hendur og, eins og sjálfsagt er, munu þær sækjast mest eftir því sem þær eru færastar til. Því ef hindrunum þeim verður rýmt burt sem nú standa mannkyninu fyrir þrifum mun þannig fást trygging fyrir að hæfileika karla og kvenna í sameiningu verði neytt sem haganlegast.“ 121-122(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Hlutverk kvenna:* „Á lénstímum þótti almenningi hvorki hernaður eða pólitík vera konum óeðlileg af því að þær fengust tíðum við slíkt. Það þótti fara að sköpum að konur af æðri stigum hefðu skaplyndi karla og að þær væri í engu eftirbátar manna sinna og feðra, nema í líkamsstyrk.“ 92-93

„...spartverskar konur; því að þó að þær samkvæmt lögum væru mönnum sínum jafn háðar og konur í öðrum ríkjum Grikkja, þá voru þær í rauninni frjálsari. Þeim var veitt tilsögn í líkamsæfingum eins og karlmönnum og eru nægar sannanir fyrir því að þær samkvæmt náttúrufari sínu stóðu karlmönnum alls eigi að baki í þessu atriði. 93 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Á sama hátt og maðurinn velur sér einhverja lífsiðn, þannig velur kona, eftir almennum skilningi, það við giftinguna sem sitt einkastarf að stjórna heimilinu og ala upp börn sín. Þetta starf tekst hún á hendur að gagna öll þau ár af lífi sínu sem þarf til þess að fullkomna þessa köllun hennar og þótt hún afsali sér eigi tilkalli til alls annars, þá leiðir hún þó hjá sér öll störf sem eigi fá samrýmst við kröfur þessa takmarks.“ 165 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Það er ekkert land í Norðurálfu þar sem hinir nýtustu menn hafa eigi iðulega reynt og metið mjög mikils ráð og hjálp hyggna og reyndra hefðarkvenna og það bæði í einstökum og opinberum efnum;...“ (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Heimilisstjórnin er, jafnvel þótt hún útheimti eigi mikla vinnu, ærið örðug fyrir andann.“ 218

„...samkvæmislífið. Því minni tíma sem hún þarf að verja til hinna skyldnanna því meiri tíma ver hún til þess. Miðdegissamsæti, samsöngva, kvöldsamsæti, árdegisheimsóknir og bréfitanir má telja meðal þessa. ....hin æðsta skylda sem mannfélagið eingöngu leggur konunni á herðar, er það sú að vera elskuverð. Gáfuð kona af æðri stéttum þarf næstum á öllum sálargáfum sínum að halda til þess að öðlast yndislegt viðmót og halda því og til þess að iðka viðræðuþróttina.

„Enginn getur sagt hve margar af hinum frumlegustu hugsunum sem rithöfundar af karlkyni hafa komið fram með eru konum að þakka og á rithöfundurinn eigi aðra hlutdeild í þeim en þá að hann hefur reynt þær og gefið þeim meiri víðáttu. Ef ég má dæma eftir eigin reynslu er mörgum hugmyndum þannig farið.“ 212(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Naumast getur nokkuð verið þýðingarmeira fyrir mann sem hefur hugmyndaríki og skoðandi gáfur og neytir eigi krafta sinna til þess að safna ávöxtum lífsreynslu sinnar heldur til þess að sameina þá í huganum og skýra þá með yfirgripsmiklum, vísindalegum sannindum eða almennum, siðferðislegum lögum en að hugleiða slíkt í viðurvist andríkrar konu, þannig að hún geti dæmt um. Þetta er hinn allra besti vegur til þess að halda hugsununum innan takmarka hins verulega og náttúrulega. Konum hættir sjaldan til að greina andlega undirstöðu hlutanna frá hlutunum sjálfum.“ 186 -187 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

Konunni hefur verið kennt að hún eigi ekki að fást við málefni sem liggja fyrir utan hennar verkahring. Hún getur því sjaldan dæmt heiðarlega og samviskusamlega um þau; af því leiðir að hún gefur sig næstum aldrei við þeim í réttum tilgangi heldur í einhverju eigingjörnu augnamiði.

Í stjórnarmálum veit hún eigi hverju megin rétturinn er og hirðir eigi um að vita það; hún veit hvernig vinna á auð og njóta heimboða; hún veit hvernig maður hennar getur öðlast nafnbót, hvernig sonur hennar getur komist í góða stöðu og hvernig dóttirin getur fengið góðan ráðahag.“ 145(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Konur utan heimilis:* „...áriðandi störf falin konum á hendur mundu þau vera fengið slíkum konum sem eigi fyndu hjá sér neina sérstaka köllun til hjúskaparlífsins eða kysu heldur að neyt hæfileika sinna (eins og margar konur nú þegar meta eitthvert af hinum háu heiðarlegu störfum, sem þær eiga aðgang að, meir en hjónabandið).....“ 269

„...þá eru þær að öllum jafnaði eigi færar um að sjá og lítt upp lagðar til að viðurkenna að nokkur sú mynd af góðgerðarsemi eður mannást sem hinum samlíðandi tilfinningum þeirra gest að, geti þegar til alls kemur haft ill áhrif. Hið sívaxandi ógrynni af óhyggilegum og skammsýnum góðgerðum sem ekur umhyggjuna fyrir lífi manna frá þeim sjálfum og losar þá við óþægilegar afleiðingar eigin gerða þeirra, kollvarpar algerlega þeirri sjálfsvirðingu, sjálfshjálpi og sjálfdrötnun sem er aðalskilyrði bæði fyrir velgengni einstakar manna og mannfélaga. Öll þessi soun á mannelskutilfinningum sem gerir tjón en eigi gagn hefur geysimikið aukist við tilstyrk kvenna og mætt æsingum af þeirra völdum.“ 245 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Samfélagsstaða kvenna:* „...að hversu útbreidd sem einhver venja er, þá er þó þess vegna engin ástæða til að vera hlynntur fyrirkomulagi þar sem konunni hvað mannleg og pólitísk réttindi snertir er skipað skör lægra en manningnum.“ 99(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Vitund kvenna:* Hvernig ætti kona sem fædd er við hin núverandi kjör kvenna og er ánægð með þau að geta metið gildi þess að vera eigi háður öðrum en sjálfum sér.“ 246(John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

*Konur um konur:* „Það er mér fjarri að fullyrða að konur almennt sæti eigi betri meðferð en þrælur en enginn þræll er eins ánauðugur og konan.“ 129

*Frelsisbarátta kvenna:* „En jafnvel þótt konur beri sig eigi upp undan valdi bænda sinna þá ber þó sérhver kona sig upp undan manni sínum eða mönnum vinkvenna sinna.“ 226

„Þess má eigi vænta að konur vilji fórna sjálfum sér fyrir frelsisgjöf kvenna fyrr en allmargir karlmenn eru búnir til þess að vinna með þeim að fyrirtæki þeirra.“ 227 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)

„Það virðist ólíklegt eftir öllu mannlegu og eðlilegu lögmáli að konur í sameiningu geti hafið herskjöld gegn gerræði karla. Staða þeirra er ólík stöðu allra undirokaðra flokka af því leyti að yfirmenn þeirra ætlast til meira af þeim en ytri þjónustu. Karlmennirnir láta sér eigi nægja að konurnar hlýði þeim, þeir þurfa á tilfinningum þeirra að halda. Allir vilja þeir, nema þeir séu því tilfinningalausari, að kona sú sem þeir eiga að búa saman við verði eigi ambátt þeirra nauðug heldur af frjálsum vilja, verði eigi aðeins ambátt heldur eftirlætisgoð þeirra. Þeir hafa því gert þetta til að þrælbinda anda þeirra.“ 96-97 (John Stuart Mill. Kúgun kvenna (þýðing eftir Sigurð Jónsson), Hib. 1997.)